

5. gr.

Bætur samkvæmt reglum þessum skulu ekki ákvarðaðar til lengri tíma en sex mánaða í senn. Séu fyrir hendi skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslu bóta skal umsækjandi skila inn gögnum þar að lútandi til Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ekki er heimilt að greiða maka- eða umönnunarbætur á sama tíma og greidd er frekari uppbót á lífeyri vegna mikils umönnunarkostnaðar.

7. gr.

Sækja skal um bætur samkvæmt reglum þessum hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu bóta.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 47. og 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. maí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: <i>Kjötvörur úr vörulíð 1602:</i>		86.000		
1602.1001 Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2019 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	44

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer: <i>Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		kg	%	kr./kg
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3109 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3209 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	248
1602.3909 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	637
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.02 - 30.06.03	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer: Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)				
0405.xxxx Smjör og önnur fita	01.07.02 - 30.06.03	53.000	0	243
b)		119.000		
<i>Ostur og ystingur:</i>				
0406.1000 Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.2000 Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.3000 Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.02 - 30.06.03		0	129
0406.4000 Gráðostur	01.07.02 - 30.06.03		0	198
0406.9000 Annar ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	194

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.